

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 1063, 22. desember 2009, með síðari breytingum.

Samkvæmt 32. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, er taka á gildi 1. mars 2013.

Allir gjaldskrárlíðir heits vatns hækka um 2%. Heimlagnir hitaveitu hækka sömuleiðis um 2%.

Notkun.

	<i>Verð án vsk.</i>	<i>Verð með 7% vsk.</i>
<i>Almenn notkun</i>		
Vatnsverð	109,84 kr./m ³	117,53 kr./m ³
Fast gjald	15.968 kr./ár	17.086 kr./ár

Iðnaðarvatn.

Stærri notendur þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa vatn á 25% verði.

Annað.

Grunnverð fyrir sumarhús, fjárhús, hesthús og sambærileg hús er fast gjald - minnsta notkun á heitu vatni er 350 m³/ár.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni.

Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu.

Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2% af smásöluverði.

Heimlögn.

20 - 32 mm	234.545 kr.	250.963 kr.
40 mm	325.755 kr.	348.558 kr.
Breyting	samkvæmt kostnaði	

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. febrúar 2013.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Ólafur Egill Jónsson.